



Menntaskólinn á Egilsstöðum

Ársskýrsla 2021



Haust 2021 Nýtt reiðhjólaskýli við ME

Skýrslan tekur fyrir helstu þætti í starfsemi ME árið 2020:

1. Húsnæði og lóð.

Kennsluhús ME er 2047 m² og heimvistar- og mötuneytishús er 3636 m². Kennaraíbúðir eru 363 m². Stærð lóðar 47.650 m² (skv fasteignamati).

2. Starfsmannahald

Haustið 2021 störfuðu 28 kennarar í 22,75 stöðugildum, þar af eru 20 konur í 15,75 stöðugildum og 8 karlar í 7 stöðugildum. Að auki er 1 kennari í ótímabundnu veikindaleyfi (dottin af launaskrá) og 2 kennarar eru í fæðingarorlofi en koma til starfa á vorönn.

Aldurssamsetning kennara er með þeim hætti að 36% þeirra eru 55 ára eða eldri. 82% kennara eru með full kennsluréttindi í þeim greinum sem þeir kenna.

Hlutfall yfirstjórnar (skólameistari, áfangastjóri, fjármálastjóri, mannauðsstjóri og kennslustjóri fjarnáms) yngri en 55 ára er 80%.

Kynjaskipting yfirstjórnar er 4 konur í 3,25 stöðugildum og 1 karl í 1 stöðugildi.

Aðrir starfsmenn eru 11 í 7,83 stöðugildum. Í Mötuneyti ME starfa 4 starfsmenn í 2,2 stöðugildum vor og haust.

Stoðþjónusta við nemendur er í höndum skólafélagsráðgjafa í 0,75 stöðugildi og eins námsráðgjafa í 1 stöðugildi. Einnig er áfangastjóri þeim til aðstoðar við ákveðin verkefni.

Samtals stöðugildi við ME haustið 2021 voru því 38,78 og voru unnin af 50 starfsmönnum.

Sjálfsmat skólans er í höndum innra mats nefndar skólans sem stendur árlega fyrir nemenda- og kennarakönnunum sem varpa ljósi á gang og gæði skólastarfsins hverju sinni.

Einnig eru gerðar foreldrakannanir, fjarnemakannanir og ýmsar kannanir um málefni líðandi stundar (Jarmið)

Í vetur verður lagt fyrir áfangamat, nemenda- og starfsmannakannanir frá skólapúlsinum ásamt könnun Sameykis um stofnun ársins sem hefur verið framkvæmd hjá okkur í nokkur ár.

Niðurstöður kannananna eru notaðar til þess að bæta gæði skólastarfsins eins og kostur er, og eru m.a. nýttar til endurskoðunar á umbótaáætlun skólans á hverju ári.

Umbótaáætlun ársins er jafnan aðgengileg á www.me.is.

Skýrsla um fjarnám fyrir skólaárið 2020-2021 (og fyrri ár) má einnig finna í heimasíðu skólans.

Áherslur í skólastarfi eru þessar helstar. Skólinn mun á næstu árum leggja meiri áherslu á jafnréttisstefnu sína. Við skólann er jafnréttisfulltrúi í hlutastarfi.

Skólinn fékk grænt ljós á vottun jafnlaunastaðals ME eftir viðhaldsúttekt í byrjun mars 2022.


Skólinn er heilsueflandi framhaldsskóli og leggur mikla áherslu á heilbrigði til líkama og sálar. Í því skyni er meðal annars starfrækt heilsueflingarnefnd þar sem í sitja bæði starfsmenn og nemendur.

Menntaskólinn er einnig í fararbroddi framhaldsskóla um flokkun sorps á heimavistum.

Skólinn hefur lokið innleiðingu á grænum skrefum í ríkisrekstri þar sem síðasta skrefinu var náð rétt fyrir áramót 2021/2022. Nú er unnið eftir þeim markmiðum sem sett hafa verið.

Nýjstu framkvæmdir við skólann miða að því að bæta vistvæna samgöngur með upplýstu og velútbúnu reiðhjólaskýli fyrir nemendur og starfsmenn. Einnig er komin upp rahleðslustöð fyrir fjóra bíla samtímis sem liður í því að greiða fyrir orkuskiptum og minnka útblástur.

- Nemendafjöldi.** Í upphafi vorannar 2021 voru 160 nemendur skráðir í dagskóla en 170 dagskólanemar hófu skólagöngu haustönn 2021. Alls voru 562 nemendur skráðir í fjarnám við ME á vorönn 2021 (báðum spönnum) og 406 fjarnemar voru skráðir í fjarnám á haustönn 2021 (báðum spönnum). Ársnemendur skólans árið 2021 voru 342 á vorönn og 305 á haustönn. Meðaltal ársins er því 323 ársnemar. Skólinn fékk greitt fyrir 305 ársnema árið 2021.
- Heimavist.** Við upphaf vorannar 2021 voru 48 nemendur skráðir á heimavist ME. Á haustönn 2021 voru 60 skráðir á heimavist. Um áramótin 2019-20 voru settar raflæsingar á tvennar dyr í heimavistarhúsi. Þetta þýðir aukið öryggi fyrir nemendur ásamt því að gera þeim kleift að komast leiðar sinnar á öllum tímum sólarhringsins. Vöktun á heimavist hefur verið aðlöguð að þessari nýjung. - Þessar breytingar á aðgengismálum hafa aukið mjög á ánægju vistarbúa með heimkynni sín enda þægilegt að hafa sinn eigin lykil að vistarverum.
- Námsframboð.** Skólinn býður upp á nám til stúdentsprófs á félagsgreina-, listnáms-, náttúrufræðibraut auk opinnar brautar og viðbótarnáms til stúdentsprófs eftir skólanámskrá frá 2014. Einnig eru keyrðar starfsbraut (4 ár) og framhaldsskólabraut (1-2 ár).
- Fjarnám í ME.** Skólinn býður uppá öflugt fjarnám í nær öllum áföngum á stúdentsbrautum. Aðsókn í fjarnámið hefur verið mjög mikil síðustu árin og þakka menn það m.a. spennarkerfi skólans sem gefur kost á mun þéttara námi (7 vikna kennslu) og fjórum innkomum í fjarnámið í stað tveggja í nær öllum öðrum skólum. Einnig eru kennarar orðnir mjög reyndir í kennslu fjarnema um árabíl og meðvitaðir um að veita fjarnemum skjóta og góða þjónustu.



Mynd 1. Fjöldi dagskólanema og fjarnema í ME frá hausti 2016 til og með hausti 2021

Fjarnemendur ársins voru um 940 frá öllum landshornum og þó nokkrir stunduðu fjarnám sitt erlendis frá. Nemendaígildi skólans í fjarnámi voru um 120 á móti um 170 nemendaígildum dagskólanema skólaárið 2021. Samtals um 320 ársnemar

Það er ljóst að hlutfall dagskóla- og fjarnema hefur breyst síðustu árin og skólinn hefur því breyst mikið í laginu eins og mynd 1 sýnir glögglega.

Dagskólanemum hefur fækkað umtalsvert síðustu árin. Á sama tíma hefur fjarnám við skólann aukist til muna og á stærri þátt en áður var í að halda úti öflugum skóla með nokkuð breiðu námsframboði.

Skólinn hóf innleiðingu í Canvas kennslukerfið haustið 2019 og allir kennarar ME hafa unnið með Canvas frá byrjun haustannar 2020.

Innleiðing Canvas hefur aukið gæði og þjónustu við nemendur bæði í dagskóla og ekki síður fyrir fjarnámsnemendur. Menntaskólinn nýtir sér mikla aðsókn í fjarnámið til að halda áfram úti góðu námsframboði til dagskólanema og öflugum og samstilltum kennarahópi. Það er mikilvægt að slík breyting á samsetningu nemendahópsins gangi ekki nærri rekstrargrundvelli skólans. Nýr fjarnámssamningur skólans sem var undirritaður 28.4.2021 hefur í för með sér minni kostnað við kennslu fjarnema og bætir þar með rekstrargrundvöll fjarnámsskennslu við skólann.

Markmið hvað þetta varðar er að tryggja að skólinn verði áfram í fararbroddi bóknámsskóla á Austurlandi og um leið í fararbroddi í þjónustu við fjarnema vítt og breitt hérlendis og erlendis.

7. Skólaþróun í ME. Skólaþróunarverkefni ársins samanstanda af ýmsum verkefnum.

Megináhersla í þróunarverkefnum skólaársins 2020-2021 var í námsvefnum Canvas. Námsvefurinn var að fullu innleiddur og síðan hefur allt nám í ME farið fram í gegnum vefinn. Mikil ánægja er með vefinn bæði meðal kennara og nemenda og hefur innleiðing gengið með ágætum. Haustið 2021 var ákveðið að setja fram nokkra staðlaða þætti varðandi uppsetningu á Canvas og að hluta til samræmda forsíðu auk upplýsingahnavps. Haldið var stutt námskeið í gerð og framsetningu myndbanda.

Stærsta þróunarverkefnið skólaárið 2021-2022 eru þeir sex grunnþættir menntunar sem innleiddir voru með nýrri námskrá árið 2012. Það eru læsi, jafnrétti, lýðræði og mannréttindi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð og sköpun. Lögð er áhersla á að efla hlut grunnþáttanna í námi og skólafarfinu í heild og gera þá sýnilegri. Markmiðið er að auka þekkingu á grunnþáttunum, efla öryggi í beitingu þeirra, færa þá inn í kennslu nútímans og gera bæði nemendur og kennara meira meðvitaða um þá.

Námsbrautir og námslínur skólans eru í sífældri endurskoðun og umræðu. Viðbótarnám til stúdentsprófs hefur verið samþykkt af Menntamálastofnun og nemendur með námið útskrifaðir. Nám á félagliðabraut var fært á 3. þrep og var slíkt nám auglýst, alls 200 einingar á 6 önnum sem hefjast átti haustið 2021. Því miður náðist ekki nægur fjöldi umsókna. Nokkrir nýir áfangar voru skrifaðir og þeir settir í framboð. Á vorönn var settur saman starfshópur sem endurskoðaði matskvarða fyrir lokaverkefni, útbjó matskvarða fyrir bæklinga og gerði sniðmát að forsíðu.

Tæknismiðja ME hefur sannað gildi sitt og aukið til muna möguleika nemenda á öllum brautum skólans í margmiðlunar- og hönnunarnámi en þarna gefst nemendum kostur á því að læra á og vinna gegnum tölvur að sköpun í þvívíddarprentara, laserskera og þess kyns tækjabúnaði. Einnig hefur listabrautin eflst mikið við aukna fjölbreytni í alls sköpun í tæknismiðjunni. Þar er einnig aðstaða til alls kyns vinnslu með smáverkfærum í samtengdri

smiðju. Með þessari aðstöðu skapast möguleikar á smiðjuvinnu í ýmis konar handverki sem hentar vel fyrir hluta nemenda skólans og eykur námsframboðið. Aðstaða til ljósmyndunar hefur einnig breyst til batnaðar.

Næsta skref í þróun tæknismiðju skólans verða að opna fyrir aðgengi almennings að þessum tækjum gegnum stutt og hagnýt námskeið eftir hefðbundinn skólatíma

8. Mat á skólastarfi Innra mat.

Starfshópur um innra mat starfar við skólann. Verkefnisstjóri er Dagur Skírnir Óðinsson. Hópurinn gefur árlega út skýrslu um störf sín og eru þær aðgengilegar á vefsíðu skólans ásamt skýrslum um niðurstöður flestra kannana. Helstu verkefni hópsins árið 2021 voru:

- a) Starfsmannapúlsinn 2021
- b) Stofnun ársins 2021
- c) Áfangamat fyrir dagskólanema og fjarnema
- d) Skólapúlsinn lagður fyrir dagskólanema
- e) ME jarmið - stuttar kannanir fyrir nemendur og starfsfólk
- f) ME nemendakönnun

Niðurstöður úr þessum könnunum eru notaðar til þess að auka gæði skólastarfsins eins og kostur er, og endurskoðun á umbótaáætlun skólans á hverju ári.

Skýrsla um fjarnám fyrir skólaárið 2020-2021 (og fyrri ár) má sömuleiðis finna á heimasíðu skólans.

9. Ytra mat og aðfengnar kannanir.

Könnun SFR, „Stofnun ársins“, meðal starfsmanna kom fjórða árið í röð mjög vel út og var skólinn að þessu sinni í 1. sæti í flokki ríkisstofnana undir frá 40 – 89 starfsmönnum. Skólinn hefur því rétt til að bera merkið stofnun ársins. Sannarlega frábær árangur sem vitnar um góðan starfsanda og framúrskarandi skólabrag.



Nú er nýlokið ytra mati á skólastarfi í ME. Matið var framkvæmt haustið 2021 en síðasta mat var framkvæmt 2016. Fyrstu niðurstöður þess mats bera vitni um gott og gjöfult skólastarf sem endurspeglast í mikilli starfsánægju og góðum samskiptum við nemendur. Þessi skýrsla verður send beint til ráðuneytis um leið og til skólans.

10. Umbótaáæðgerðir. Umbótaáætlun ME fyrir hvert skólaár er endurskoðuð á haustdögum undir stjórn Elínar Ránar Björnsdóttur mannauðsstjóra.

Markmið umbótaáætlunar er að treysta þá þætti í skólastarfinu sem komu ekki nógu vel út úr matskýrslu eða út úr könnunum síðasta skólaárs. Umbótaáætlun skólans er leiðarljós varðandi að auka gæði skólastarfsins og þeirrar þjónustu sem ME stendur fyrir.

Meðal annars hafa stefnur skólans verið endurskoðaðar og mörgum verkefnum á vegum nemendaþjónustu verið hrundið í framkvæmd svo dæmi séu tekin. Tæknibúnaði skólans er vel við haldið og reynt að tryggja að kennarar hafi þann búnað sem þarf hverju sinni til að sinna sínu starfi sem allra best

Umbótaáætlun skólans fyrir skólaárið 2021 - 2022 fylgir með ársskýrslu skólans til frekari upplýsingar.

11. Starfsbraut og þjónusta við nemendur með sérstakar þarfir. 12 nemendur voru skráðir á starfsbraut við skólann á vorönn 2021 en haustið 2021 hafði þeim fjölgað í 13. Nemendurnir hafa staðið sig mjög vel en nemendur starfsbrautar og framhaldsskóla-brautar 1 hafa mætt alla haustönnina þrátt fyrir Covid 19. Það hillir undir fjölgun á starfsbraut næsta haust um ca 7 nemendur og skólinn mun gera ráðstafanir í ráðningarmálum vegna þessa.

12. Nemendabjónusta ME. Þar er nemendum skólans veitt margháttuð þjónusta bæði almenn og sértæk. Meðal viðfangsefna NPME eru sértækir námserfiðleikar, athyglisbrestur með eða án ofvirkni, sálfélaglegir örðugleikar, heilsufarslegur vandi og fatlaðir nemendur.

NPME samanstendur af námsráðgjafa í 100% starfi og félagsráðgjafa í 75% starfi. Auk þessa vinnur áfangastjóri skólans með teyminu. Vert er að veita athygli síðu nemendabjónustu skólans inná www.me.is sem hefur vakið verðskuldaða athygli og margir framhaldsskólar benda í dag sem hjálpartæki fyrir nemendur með alls kyns námsörðugleika. NPME hefur fengið verðlaun og viðurkenningar fyrir framúrskarandi störf á síðasta ári, ma frá Rótarýsambandi Íslands og samtökum lesblindra svo að eitthvað sé nefnt.

13. Rekstur heimavistar og mötuneytis.

Tap Mötuneytis ME skólaárið 2018-2019 var um 5 milljónir króna. Á haustdögum 2019 var farið í skipulagsaðgerðir til að skjóta stoðum undir rekstur mötuneytis skólans.

Sú aðgerð skilaði 1,7 milljónum í hagnað skólaárið 2019-20, reksturinn virðist nú kominn í jafnvægi og árið 2021 - 21 skilaði 2,1 milljón í hagnað.

Rekstrarafkoma heimavistar og mötuneytis er annars nátengd fjölda heimavistarbúa.

Heimavistarbúar haustið 2021 voru um 60 talsins. Alltaf er nokkur fækkun á vist frá upphafi til loka annar. Heimavist ME tekur fullsetin 117 íbúa og nýtingarhlutföll 2021 voru tæplega rétt rúmlega 50% vor og haust 2021. 8 nýjir nemendur bættust við á heimavist um síðustu áramót þannig að staðan betur batnað. Aukin aðsókn nemenda utan fjórðungs inná heimavistina er mikilvæg í þessu sambandi og skólinn hefur unnið kynningarefni til að ná betur til þessa markhóps. Sjá [sýndarferðalag um skólann](#)

14. Covid 19 og ME

Skólahald vor og haustannar 2021 var að mestu með eðlilegum hætti vegna Covid 19 en grímuskylda og daglegar sóttvarnir í öllum rýmum skólans eru orðin eðlilegur þáttur í rútínu nemenda og starfsmanna.

Nú hillir sannarlega í nýja og betri tíma td varðandi félagslíf nemenda en það er sá þáttur skólaálífsins sem mest lét á sjá og veitir sannarlega ekki af því að rétta þar hressilega úr kútnum.

Nú þegar eru margir viðburðir planlagðir til loka skólaársins frá hendi nemendafélags skólans.

15. Samstarf.

Skólinn er aðili að Fjarmenntaskólanum ásamt 12 öðrum framhaldsskólum í dreifbýli. Skólarnir standa m.a. að framboði ýmissa starfsnámsbrauta með dreifnámsniði.

ME er einn af stofnaðilum Austurbrúar.

ME er einnig stofnaðili að STARFA – starfsendurhæfingu Austurlands.

Skólinn hefur tekið þátt í fjölda alþjóðlegra verkefna á síðustu árum en nú hefur orðið breyting á vegna Covid 19. Menntaskólinn stýrir fjárhagslega frá hausti 2018 erlendu samstarfsverkefni fimm skóla í Evrópu á vegum Comenius sem hefur verið í frosti.

Með aflagningu sóttvarnarráðstafana er verið að endurvefja verkefnið og tveir kennarar skólans fara á næstunni til fundar við Comenius verkefnastjóra í Finnlandi vegna þessa.

Hildur Bergsdóttir félagsráðgjafi skólans stýrir einnig verkefni á vegum Erasmus+ í tengslum við UÍA varðandi unglingaskipti milli unglinga við ME og unglinga frá Írlandi.

16. Áform um tengibyggingu milli kennslu – og heimavistarhúss ME.



Mynd 3. Hugmynd - inni í tengigangi milli húsa



Mynd 4. Hugmynd – tengigangur séður frá stétt milli húsa

Stjórnendur skólans leggja til við MMR að lögð verði vinna við hönnun tengigangs milli heimavistar og kennsluhúss ME.

Slík tenging hefði mikið hagræði í för með sér fyrir samnýtingu beggja húsa yfir vetrartímann. Þessi hugmynd sem sést hér að ofan var unnin af starfsmanni skólans til að ýta verkefninu úr vör.

Við vonumst eftir skilningi og jafnvel fjárveitingu til að ýta hönnunarvinnu af stað.

17. Fyrirliggjandi verkefni:

- Skólinn hefur teiknað upp eins árs undirbúningsnám fyrir verknámsbrautir í takti við brautarlýsingar frá Tækniskóla Íslands og VA. Skólinn kennir nú þegar nær alla bóklega áfanga á brautinni og kynning á iðngreinum er hugsuð sem vettvangsnám í öflugum fyrirtækjum á sínu fagsviði á Egilsstöðum. Þetta þarf að hugsa í samræmi við breyttar þarfir og aukna áherslu á verk og starfsnám um

Áætlað er að koma náminu til framkvæmda haust 2022.

- Í framhaldi af undirbúningsnámi fyrir verknám í ME mætti hugsa sér að byggt verði húsnaði á lóð skólans yfir eitthvað afmarkað verknám sem mikil eftirspurn er eftir, ss trésmíði, rafmagn,

pípulagnir og hárgreiðsla, svo eitthvað sé nefnt. Þarna skapast möguleiki til að efla starfsnám í völdum greinum á Austurlandi í samstarfi við valdan verknámsskóla, hagaðila og heimasveitarfélag skólans.

- Skm hefur hafið samtal um flugnám í samvinnu við hagaðila á staðnum. Málið er á algjöru frumstigi en möguleikarnir með nær ónýttan alþjóðlegan flugvöll í bakgarðinum gera þessa skoðum mjög áhugaverða fyrir alla sem að því munu koma.

Hugmyndin er þá að skólinn myndi sjá um bóklegar greinar námsins eða milligöngu um fjarnám og gæti síðan boðið nemendum uppá aðsetur í heimavist skólans. Skólinn mun eiga áframhaldandi samtal við hagaðila í þessum geira um hvort og þá hvenær verði hægt að bjóða uppá slíkt nám.

- Stuðningur við aðfararnám á framhaldsskólastigi fyrir HR, HA og fleiri stofnanir þar sem sérþekking kennara og samlegð með aðstöðu til náms myndi nýtast þeim sem vilja. Það er öllum í hag að mannauður skólans nýtist sem best í þessa þágu svo ekki sé verið að bítast um nemendur á þessu skólastigi meir en orðið er.
- Samstarf um framhaldsnám við UHI í skotlandi er komið stutt á veg og hefur tafist vegna Covid aðstæðna en vonandi skýrast þau mál varðandi aðkomu ME á þessu málefni sem er í okkar augum spennandi viðbót við mögulegt fjarnám í heimabyggð á háskólastigi þar sem ME getur aðstoðað nemendur bæði faglega og eins hvað varðar aðstöðu til fjarnáms.

18. Fjármál og rekstur:

Samkvæmt bráðabirgðaársreikningi fyrir almanaksárið 2021 varð tap ársins rúmlega 35.000.000,- kr.

Ástæða taprekstrar eru margbættar en þessar þó helstar.

- Fjárveiting ársins til reksturs og fjárfestinga 2021 var samkvæmt fjárlögum 632.000.000 kr. , þar af kr 585.000.000 beint frá ríki + áætlaðar sértekjur uppá 67.000.000, sem skiluðu sér bara til hálf. Vegna áhrifa ma frá Covid 19 lækkuðu sértekjur um ca 30 milljónir, áætlun sértekna ME fyrir 2021 var um 67 milljónir en raunin var 32 milljónir innkoma í sértekjur. Það tap var ekki bætt að fullu.

Tekjufall um 33 milljónir.

- Mjög mikið fjarnám á vorönn en um 20 ársnemar skólans hafa ME sem aukaskóla og fær skólinn aðeins 70% af greiðslu fyrir þá nemendur, þrátti fyrir að borga sömu laun.

Tekjufall um 10 milljónir

- Veikindi starfsmanna sjö starfsmanna um lengri eða skemmri tíma yfir árið sem telja alls 12,4 milljónir.

Tekjufall um 12,5 milljónir

- Aldursafsláttur starfsmanna á árinu 2021 var samtals um 1.5 stöðugildi. Það dregur saman í upb 14 milljónir með launum og launatengdum gjöldum.

Fjárveitingar 2021 miðuðust við 285 ársnemendur en reiknaðir ársnemendur reyndust 342 á vorönn 2021 og 305 á haustönn 2021 þegar upp var staðið.

Greitt var að lokum fyrir 305 ársnema. Reiknaðir ársnemar 2021 samkvæmt tölum frá ME haust og vor voru 323 en um 315 þegar tekin er með 30% skerðing vegna aukaskólafjarnema.

Aukaskólafjarnemar voru 188 talsins úr rúmlega 30 framhaldsskólum allt í kringum landið.

Þessi hallarekstur skólans árið 2021 er áhyggjuefni og honum þarf að snúa við á næsta ári.

Helsta leið til þess er að skera niður launakostnað starfsmanna, sem er rúmlega 90% af heildarveltu slíkra skóla, er jú ráða ekki í störf þeirra sem hætta, nema brýna nauðsyn beri til.

Eins höfum við dregið úr fjölda fjarnema per kennara til að minnka yfirvinnu.

Í þriðja lagi þá var fjarnámssamningur ME við kennara endurnýjaður með ívið lægri kostnaðartölum per fjarnema og horft er til þess að ná jafnvægi í reksturinn á árinu 2022.

Reynt er að lágmarka starfsmannahald þar sem hægt er ss í húsvörslu og umsjón á heimavist með aukinni aðkomu skólameistara í þeim málum.

Egilsstöðum 30. mars 2021
Árni Ólason skólameistari ME



Sent í viðhengi til frekari upplýsingar á PDF formati.

1. Lokaskýrsla innramatshóps Menntaskólans á Egilsstöðum 2020-21
2. Ársskýrsla Nemendapjónustu ME fyrir 2020 -21
3. Ársskýrsla fjarnáms við ME fyrir 2020 -2021 + yfirlit um fjarnám Haust 2021
4. Ársskýrsla Tæknismiðju ME 2021-22
5. Umbótaáætlun skóla 2020 – 21.